

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 03 – 2024

Staður: Teams

Tími: þriðjudagur 26. mars 2024 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ingiberg Daði Kjartansson, Þóranna Jónsdóttir, Daði Már Kristófersson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Haukur Þórðarson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson var forfallaður. Áslaug Helgadóttir ráðgjafi sat fundinn undir lið 1 og Gunnhildur Guðbrandsdóttir deildarfulltrúi á kennsluskrifstofu undir lið 5.

- Gæðastefna og gæðaráð (kynning, umræða).** Áslaug Helgadóttir sem unnið hefur að uppfærslu gæðahandbókar fór yfir stöðu verkefnisins. Lagt er til að í stað núverandi gæðanefndar verði skipað stefnu- og gæðaráð sem skipað er framkvæmdastjórn og fulltrúa nemenda. Upplýsinga- og skjalastjóri verði ráðinu til aðstoðar. Þá var farið yfir drög að nýrri gæðastefnu og grunnskjöllum hennar. Lagt til að megin skjöl verði yfirfarin og staðfest af háskólaráði á næstu fundum í apríl og maí.
- Skipurit (kynning, umræða).** Farið var yfir niðurstöður starfsmannafundar og er samhljómur varðandi það að einfalda skipurit, fækka deildum og námsbrautum. Undirstrikað er að ná fram bættri þjónustu með einfaldara skipuriti og að skerpt sé á hlutverkum og ábyrgð. Lagt til að framkvæmdastjórn vinni 2-3 tillögur sem verði ræddar á næsta fundi háskólaráðs. Háskólafundur er á dagskrá 13. maí þar sem málið verður rætt og endanleg afgreiðsla háskólaráðs því á dagskrá maí fundar.
- Jarðræktarmiðstöð (umræða).** Líkur eru taldar á því að unnt verði að hefja vinnu við jarðræktarmiðstöð í ár. Háskólaráð á fund með ráðherra miðvikudaginn 3. apríl kl. 9:30 til að fara yfir stöðuna.
- Ársfundur og háskólafundur (kynning, umræða og afgreiðsla).** Ársfundur og háskólafundur eru á dagskrá 13. maí. Vísindadagur verður hluti af ársfundinum með faglegu innleggi frá hverri fagdeild. Farið var yfir dagskrá og staðsetningu. Ákveðið að hafa sambærilegt fyrirkomulag og í fyrra sem þótti takast vel, þar sem háskólafundur var haldinn í beinu kjölfari á ársfundinum.
- PhD-nám UNIGreen (kynning, umræða og afgreiðsla).** Fyrir liggur tillaga að samningi um sameiginlegt doktorsnám (joint degree) fjögurra háskóla í UNIGreen samstarfinu. Gunnhildur Guðbrandsdóttir kynnti málið. Eftir umræður þar sem rætt var m.a. um fjárhagslegar skuldbindingar og uppsegjanleika samningsins var niðurstaðan að grípa tækifærið til að efla enn frekar doktorsnám Lbhí og alþjóðlegt samstarf og vera þátttakandi í samningnum.
- Mál til kynningar:**
 - Niðurstöður Gallup-könnunar – traust almennings hækkar um 2 pkt.
 - Uppfærðar reglur v/starfsmenntanáms – orðalagsbreytingar – samþykkt.
 - 80 ára afmæli Hestbúsins tókst einstaklega vel í síðustu viku. Í lok afmælisráðstefnunnar tilkynnti Sigurgeir Þorgeirsson um að stjórn minningarsjóðs dr. Halldórs Pálssonar, sem stofnaður var 1987, og hefur í

gegnum tíðina stutt mörg góð verkefni, hefði komist að þeirri niðurstöðu að fella skipulagsskrá sjóðsins úr gildi og ráðstafa höfuðstól sjóðsins, sem er að upphæð rúmar 30 milljónir, í einu lagi til kaupa á nútíma tæknibúnaði til fóðrunarrannsóknna á tilraunabúinu á Hesti. Stjórn sjóðsins telur að þessi ráðstöfun falli vel að markmiðum sjóðsins og muni nýtast vel í rannsóknastarfi og menntun bænda og búvísindamanna. Þessi ráðstöfun er háð því skilyrði að Lbhí nái að fjármagna það sem upp á kann að vanta til að viðeigandi búnaður verði keyptur.

RIP